

G A G N H/F

Alþingi

Erindi nr. P 117 / 1216

Komudagur 7 / 4 1994

5. apríl, 1994

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
B.t. hr. formanns, Gunnlaugs Stefánssonar
Austurvelli

101 REYKJAVÍK


Efni: Ný lög váttryggingastarfsemi.

Línur þessar eru ritaðar í kjölfar lesturs á viðtali við Arna Reynisson, Rúnar Guðmundsson og Ingibjörgu Pálmadóttur í viðskiptablaði Morgunblaðsins 31. mars s.l.

Undirritaður hefur í all mörg ár aðstoðað íslendinga við að kaupa líftryggingar í Bretlandi án milligöngu íslenskra tryggingafélaga. Vegna reynslu minnar af þessum málum leyfi ég mér að fullyrða að hagur neytenda af því að kaupa slíkar tryggingar af erlendum tryggingafélögum er mjög mikill. Þessar tryggingar eru gjarnan 50-75% ódýrari en sambærilegar tryggingar hérlendis. Tel ég að meira muni um þennan mikla iðgjaldamun, en vinnst með því að tryggja þá auknu neytenda-vernd sem felst í því að íslensk lög um váttryggingasamninga gildi um þessa samninga. Að auki má segja með sannni að íslendingar eru í dag vel upplýst þjóð sem á margra kosta vöð við upplýsingaöflun um erlenda samninga. Því er þörfin á þeirri "föðurlegu umsjá", sem tryggja skal með því að láta íslensk lög um váttryggingasamninga gilda um alla líftryggingasamninga, ekki lengur fyrir hendi að mínu mati.

Óskið þér frekari upplýsinga um viðhorf mín eða reynslu af þessum málum er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að veita þér.

Virðingarfyllst,



Ólafur Haukur Johnson
framkvæmdastjóri

Afrit: Aðrir nefndarmenn.